

Menningarstefna Hveragerðisbæjar

Menning og afþreying felur í sér lífsgæði sem skipa veigamikinn sess í daglegu lífi fólks. Skapandi greinar gegna enn fremur mikilvægu hlutverki fyrir atvinnuþróun og fjölbreytni starfa. Að njóta menningar eða skapa er hverjum einstaklingi mikilvægt óháð aldri, stöðu og búsetu. Menning er órjúfanlegur hluti af sjálfmynd einstaklingsins og sjálfstjáningu og mikilvægur þáttur í vaxtar- og þróunarmöguleikum samfélagsins.



HVERAGERÐISBÆR



Hveragerðisbær er menningarbær

Leiðarljós:

Tilgangur menningarstefnu Hveragerðisbæjar er að íbúar fái notið og geti tekið þátt í menningu og menningarstarfi. Leiðarljós stefnunnar er að efla áhuga, löngun og möguleika bæjarbúa til að njóta menningar og jafnframt að vera virkir þátttakendur í menningarstarfi.

Markmið:

Bæjarbragur Hveragerðisbæjar einkennist af þróttmiklu menningarstarfi og fjölbreyttu mannlífi. Áhersla er lögð á menningarstarf sem mótar bæjarfélagið sem sterka heild og byggir upp sameiginlegan menningararf. Mikilvægt er að hlúa að menningu, sögu og sérstöðu bæjarfélagsins.

a) Menning og Menningarstarf

Leiðir:

- Það er mikilvægt að efla bæjarbrag og ímynd Hveragerðisbæjar út á við.
- Bæjarhátíð verður haldin á hverju ári þar sem menning og listir eru í forgrunni.
- Menningarverðlaun Hveragerðisbæjar eru veitt á hverju ári.
- Það er mikilvægt að styrkja og efla áfram menningarstarf í Hveragerðisbæ. Gerðir eru samningar til lengri tíma um menningarstarf sem sannað hefur gildi sitt, til að styrkja rekstrargrundvöll þess og efla fagmennsku.
- Að upplýsingar um menningu og menningarstarfsemi verði aðgengilegar og vel kynntar.
- Tryggja að Hveragerðisbær verði opinn fyrir listrænu samstarfi við önnur bæjarfélög sem og við listamenn búsetta utan sveitarfélagsins.
- Tryggja að Hveragerðisbær verði áfram opinn fyrir samstarfi við áhugamannafélög um menningarstarf í og tengd bæjarfélaginu.
- Listamannahúsið Varmahlíð verði áfram nýtt til útláns fyrir starfandi listamenn og aðra menningartengda aðila í samræmi við úthlutunarreglur hússins.



b) Listræn ásjón

Leiðir:

- Aðstaða til listsköpunar, listviðburða og listsýninga verður bætt samfara annarri uppbyggingu í bæjarfélaginu.
- Listamenn búsettir í Hveragerði eru hvattir til að taka virkan þátt í samfélaginu s.s. með samstarfi við skóla bæjarins og aðrar stofnanir.
- Það er mikilvægt að skapa vettvang fyrir starfandi listamenn í Hveragerðisbæ til að kynna sig og verk sín.
- Leggja áherslu á að kynna sögu og menningararf bæjarins með áframhaldandi uppsetningu á sögu- og fræðsluskiltum.
- Listræn og menningarleg sjónarmið verði sjálfsagður hluti af allri skipulagsvinnu bæjarins.
- Sögu, menningu og minjum bæjarins verði haldið á lofti á lifandi og framsækinn hátt.

c) Listuppeldi og samstarf

Leiðir:

- Markvisst unnið að listuppeldi barna og ungmenna svo að menning og listsköpun verði sjálfsagður og eðlilegur þáttur í lífi þeirra.
- Stuðla að því að börn og ungmenni verði virkir þátttakendur í menningarstarfi.
- Áhersla á samstarf listamanna og skóla. Bæði þeirra sem eru búsettir á svæðinu og þeirra sem dvelja í listamannahúsinu Varmahlíð.
- Vekja athygli á því listræna starfi sem fer fram í skólum Hveragerðisbæjar.
- Stuðla að markvissum samskiptum/samvinnu á milli eldri íbúa Hveragerðisbæjar og þeirra yngri í gegnum skólastarf eða frístundastarf.
- Að tryggja áframhaldandi rekstur Tónlistarskóla Árnesinga í samvinnu við önnur sveitarfélög.



d) Safnastarf og sýningar

Leiðir:

- Að starfsemi safna innan bæjarins verði eflað og þess gætt að þau hafi aðdráttarafl fyrir alla aldurshópa.
- Tryggja að Bókasafnið sé öflug menningar- og upplýsingamiðstöð.
- Tryggja að í Bókasafninu sé vönduð og fjölbreytt menningarstarfsemi fyrir alla aldurshópa þar sem megin áhersla er lögð á bókmenntir, lestrarhvatningu og upplýsingalæsi.
- Leggja áherslu á öflugt barna og unglingastarf og efla samstarf við leik- og grunnskóla bæjarins.
- Listasafn Árnesinga er mikilvæg starfsemi sem staðsett er í Hveragerði. Jafnan verði þess gætt að Hveragerðisbær sé bakhjarl safnsins eins og kostur er. Þetta sé m.a. gert með þjónustusamningi við safnið og með því að styðja safnið að öðru leiti í starfi þess, m.a. með góðri samvinnu við önnur sveitarfélög sem standa að rekstri safnsins.
- Efla sýningahald og safnastarf í Hveragerðisbæ og stuðla að því að starfsemi safna bæjarins verði áfram sýnileg bæði fyrir íbúa og ferðamenn.
- Stuðla að því að söfn bæjarins og safnastarf verði kynnt í tengslum við sumarnámskeið fyrir börn í Hveragerðisbæ.

Menningarstefnu þessari er ætlað að vera leiðarljós Hveragerðisbæjar við gerð áætlana bæjarfélagsins á sviði menningarmála í framtíðinni.

Samþykkt í bærstjórn 8. febrúar 2018.



HVERAGERÐISBÆR

